

Bragi Bergsson

Blikastaðir

Húsakönnun



Reykjavík 2022

Bragi Bergsson

Blikastaðir

Húsakönnun

Reykjavík 2022

Unnið að beiðni Landeyjar ehf. í samstarfi við Alta ehf.

Ábyrgðarmaður: Bragi Bergsson sagnfræðingur.

Bragi Bergsson

Mynd á forsíðu: Blikastaðir. Mynd: Bragi Bergsson 2022.

©
Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1 Saga svæðisins.....	3
1.1 Staðhættir og örnefni	3
1.2 Kotbýlið Blikastaðir.....	5
1.3 Stórbýlið Blikastaðir	6
1.4 Lífið og bústörfin á Blikastöðum.....	15
1.5 Búskapur á Blikastöðum frá 1942	20
1.6 Ljósmyndir af Blikastöðum	23
1.7 Staða reitsins í skipulagi	35
1.8 Húsakönnun	36
1.8.1 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki.....	37
1.8.2 Varðveislumat fyrir Blikastaði.....	38
1.8.3 Húsaskrá fyrir Blikastaði	42
Heimildaskrá.....	60

Formáli

Frá árinu 1973 þegar kúabúið á Blikastöðum var lagt niður, hefur verið fyrirhugað að reisa íbúðabyggð á svæðinu. Um tíma stóð til að Reykjavíkurborg myndi kaupa landið, en niðurstaðan varð sú að Blikastaðir eru hluti af Mosfellsbæ. Uppbygging er nú fyrirhuguð á svæðinu og vinna við gerð deiliskipulags að hefjast. Fornleifaskrá og húsakönnun eru m.a. þau gögn sem nýtast við gerð skipulags af svæðinu.

Vinna við húsakönnunina hófst vorið 2022 og hefur undirritaður hefur m.a. farið í gegnum skjöl byggingarfulltrúa til að afla frumheimilda um sögu húsanna á Blikastöðum. Fyrir mörg húsanna eru því miður ekki að finna yfirgripsmiklar heimildir, hvort sem um er að ræða hjá byggingarfulltrúa, á skjalasafni Mosfellsbæjar eða á Þjóðskjalasafni. Raunar kom það nokkuð á óvart hversu lítið af frumheimildum var að finna um húsin á svæðinu og uppbyggingu þeirra. Ýmislegt hefur þó verið skrifað um sögu Blikastaða í blöðum og tímaritum, en aðallega um Magnús Þorláksson sem flutti þangað árið 1908. Magnús umbylti jörðinni og á áratugunum þar á eftir breyttust Blikastaðir úr kotbýli í stórbýli með 60 mjólkandi kúm.

En þrátt fyrir skort á frumheimildum og einsleitum umfjöllunum í tímaritum og blöðum, liggur hér fyrir húsakönnun fyrir Blikastaði sem varpar nokkuð góðu ljósi á sögu og þróun húsanna á svæðinu.

Til einföldunar má segja að húsakönnun samanstandi af tveimur hlutum. Annars vegar **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins. Hins vegar hin eiginlega **húsakönnun** eða **húsaskrá** og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfsgildis, upprunalegrar gerðar húss og tæknilegs ástands þess. Út frá mati á þessum þáttum eru færð rök fyrir varðveislugildi hvers húss.

Október 2022

Bragi Bergsson, sagnfræðingur.

1 Saga svæðisins

1.1 Staðhættir og örnefni


Fyrirhugað skipulagssvæði afmarkast af Vesturlandsvegi í suðaustri, Korpúlfsstaðavegi að sunnan, Korpúlfsstaðaá að vestanverðu og götunum Æðarhöfða og Baugshlíð að norðan og norðaustanverðu. Afmörkun svæðisins er sýnd á korti hér á eftir.

Landsvæði Blikastaða til forna, náði að Leiruvogi að norðanverðu, Lágafelli og Lambhaga að austan og sunnan. Að vestan stýrði svo Korpúlfsstaðaáin landamerkjum út í Leiruvog. Svæðið hefur verið sléttað undir tún Blikastaða og er að mestu óbyggt, fyrir utan bæjarhús Blikastaða ásamt íbúðarhúsunum á Blikastöðum 2, 3 og 4.¹

Helstu örnefni í kringum Blikastaði og mest áberandi landslagseigindi eru Úlfarsfell, Lágafell með Lágafellskirkju og Korpúlfsstaðaáin ásamt Korpúlfsstöðum. Vestur hluti Úlfarsfells hefur verið kallaður Hamrahlíð eða Lágafellshamrar. Í fornleifaskráningu frá árinu 2006 og 2021 er farið ítarlegar yfir örnefni á túnnum og öðru sem er að finna næst bæjarhúsunum.²

¹ Rúna K. Tetzschner, Ragnheiður Traustadóttir og Hermann Jakob Hjartarson. *Blikastaðir. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. 2021. bls. 7-8.

² Rúna K. Tetzschner, Ragnheiður Traustadóttir og Hermann Jakob Hjartarson. *Blikastaðir. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. 2021 og Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. 2006.



Mynd 1. Afmörkun svæðisins sem er tekið fyrir í þessari húsakönnun er merkt með rauðri brotalínu, húsin eru lituð svört og þekktar fornminjar með gulu.³

³ Kort unnið af Alta – Drífa Árnadóttir.

1.2 Kotbýlið Blikastaðir.

Blikastaða er fyrst getið í máldaga Mariukirkjunnar í Viðey árið 1234. Blikastaðir hafa því sennilega verið teknir í ábúð snemma á miðöldum. Bærinn var eign Viðeyjarklausturs árið 1313 og enn í eigu klaustursins árið 1395. Samkvæmt Fógetareikningum áráanna 1547-1552 var bærinn orðinn konungseign um miðja 16. öld. Þegar jarðatal var tekið árið 1704 var jörðin enn í eigu konungsins og var einn ábúandi (Ragnildur Gunnarsdóttir) en skráðir heimilismenn tólf. Bústofninn samanstóð af níu kúm, tveimur geldnautum, einni tveggja vetra kvígu, einu veturgömlu nauti, 29 kindur með lömbum, þremur hestum, tveimur hrossum og einni unghryssu. Fóðrast gátu sex kýr, 20 lömb og einn hestur. Laxveiði var þriðja hvern dag í Korpúlfsstaðaá. Skipsuppsátur við sjó og heimræði á hausti þegar fiskur gekk inn á sundin.⁴

Í jarðartali frá árinu 1847 höfðu umsvif á bænum dregist saman töluvert því þá voru kúgildi orðin þrjú á bænum og einn leigjandi.⁵ Um fjörutíu árum síðar, árið 1884 var búskapurinn búinn að dragast enn meira saman, þá var einn ábúandi að nafni Guðmundur Kláusson og heimilismenn fimm talsins. Búpeningurinn samanstóð af einni kú, einni tvívetra gamalli kvígu, níu ám, tíu lömbum og einum tömdum hesti. Kúgildi eitt.⁶ Árið 1887 var jörðin auglýst til sölu og segir í auglýsingunni:

Blikastaðir í Mosfellssveit, 17 hndr. að dýrleika með tveim kúgildum, fæst til kaups og verður laus til næstu fardaga; jörðinni fylgir laxveiði í svokallaðri „Kró“ fyrir framan Korpúlfsstaðaá. Lysthafendur semji við undirskrifaðan.

Reykjum í Mosfellssveit 10. ágúst 1887.

Finnbogi Ámason.⁷

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók – Gullbringu og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Reykjavík 1982. bls. 308-309.


⁵ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning Fornleifa í Mosfellsbæ*. 2006. bls. 9.

⁶ Þorkell Bjarnason, „Kafli úr Jarðabók Árna Magnússonar og ágríp af æfi hans m.fl.“ *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. 01.07.1886. bls. 251.

⁷ *Ísafold* 16.08.1887. bls. 152.

1.3 Stórbýlið Blikastaðir

Árið 1909 fluttist Þorlákur Magnús Þorláksson (alltaf nefndur Magnús) ásamt fjölskyldu sinni frá Vesturhópshólum í Húnavatnssýslu til Blikastaða. Magnús ólst upp við búskap ásamt foreldrum sínum Þorláki Þorlákssyni og Margréti Jónsdóttur. Hann fæddist 19. nóvember 1875 og ólst upp á Vesturhópshólum ásamt systkinum sínum sem voru; Jón, síðar landsverkfræðingur, ráðherra og borgarstjóri í Reykjavík, Sigurbjörg kennslukona í Reykjavík, Björg sem lauk doktorsprófi við Sorbonne-háskólann í Frakklandi og giftist síðar Sigfúsi Blöndal og vann með honum að hinni íslenzku orðabók sem er kennd við hann. Líkt og systkini sín gekk Magnús einnig menntavegin og lauk tveggja ára námi í Flensborgarskólanum árið 1893. Hann fór svo til Noregs árið 1901 og var þar á annað ár í búfræðilegu verknámi, lengst af í Trögstad í Austfold. Ekki er ljóst hvað hvatti Magnús til Noregsfararinnar, en mögulega hefur það haft áhrif að föðurbróðir hans Björn Þorláksson frá Munaðarnesi í Mýrarsýslu, hafði farið þangað árið 1894 til að kynna sér ullariðnað. Björn stofnaði í kjölfarið klæðaverksmiðjuna að Álafossi við Varmá í Mosfellssveit árið 1896.⁸



Mynd 2. Þorlákur Magnús Þorláksson.⁹

⁸ Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 5-6.

⁹ Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 4.

Eftir Noregsvölinu var Magnús með föður sínum í Vesturhópshólum og tók við búinu að hluta árið 1904. Þeir feðgar ráku svo búskap þar og á Þorfinnstöðum í sömu sveit, þar til Þorlákur andaðist árið 1908. Þá brá Magnús búi fyrir norðan, keypti Blikastaði og fluttist þangað vorið 1909 eins og áður sagði. Magnús var tvíkvæntur og var fyrri kona hans Marsibil Sigurrós Jónsdóttir frá Hrisakoti á Vatnsnesi. Þau giftust árið 1904 og eignuðust tvær dætur er upp komust, Sigurbjörgu (f. 1905) og Helgu (f. 1906), en Marsibil lést árið 1907. Magnús kvæntist seinni konu sinni Kristínu Jósafatsdóttir (1875-1960) árið 1910 og eignuðust þau tvö börn sem dóu ung, en einnig ólu þau upp þrjá fóstursyni.¹⁰

Kristín var fædd á Gröf í Víðidal í Húnavatnssýslu. „Hún fékk gott uppeldi og meiri menntun en þá almennt tíðkaðist. Gekk í Kvennaskólann á Blönduósi, auk heimafræðslu. Einnig fór hún til Danmerkur, og dvaldi þar í eitt ár. Árið 1909 fór hún að Blikastöðum til Magnúsar Þorlákssonar, og giftist honum árið eftir 1910.“¹¹



Mynd 3. Blikastaðir um 1945. Hér sjást bæjarhúsin fyrir miðju ásamt túnnum og framræsluskurðum.¹²

¹⁰ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 7.

¹¹ K.E. „Frú Kristín Jósafatsdóttir“. *Húsfreyjan*. 01.04.1960. bls. 15.

¹² Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-4. Lára Gunnarsdóttir.

Það kann að virðast undarlegt að Magnús hafi valið sér til Blikastaði til ábúðar árið 1909. Á þeim tíma voru Blikastaðir fremur lélegt og framleiðslurýrt kot, sem fóðraði tvær til þrjár kýr (töðufall mest um 80 hestar) og gat borið lítið fjárbú ef heyjaðar voru „reitings mýrarslægjur umhverfis túnhólinn, sem girtur var mýrarsundum og flóum á alla vegu.“¹³ Með nokkurri vissu má því fullyrða að Magnús hefur valið Blikastaði með það fyrir augum að umbylta Blikastaðalandinu og reka þar ræktunarbúskap með allt öðrum hætti en hann var alinn upp við. Samspil ýmissa þátta s.s. áhrifa frá Noregi, áræðni Magnúsar og trú hans á framtíðina, auk nálægðar við Reykjavík og þann markað sem var að opnast þar, urðu til þess að Blikastaðakotið breyttist á næstu áratugum í stórbýli. Mýrarnar voru ræstar fram, tún ræktuð upp, kofunum breytt í rúmgóðar og stórar steinsteyptar byggingar. Framtíðarmöguleikar Blikastaða „voru allir bundnir við ræktun, og bundnir við það, að sá, er á héli, hefði trú, þekkingu og orku til þess að ryðja nýja braut, að sigra örðugleikana og brúa torfærurnar“ sagði Árni G. Eylands í grein um Magnús árið 1942.¹⁴



Mynd 4. Bæjarhúsin á Blikastöðum um 1945. Hér sést sennileg gamla bæjarhúsið fyrir miðri mynd og nýja íbúðarhúsið frá 1926 vinstra megin við það. Heimreiðin lá þá á milli gamla hússins og fjóssins. Eftir að byggt var við fjósið og gamla húsið rifð, færðist heimreiðin til austurs, nær íbúðarhúsinu, þar sem hún er í dag.¹⁵

¹³ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Freyr. Mánaðarblað um landbúnað*. Reykjavík, maí 1942. bls. 62.

¹⁴ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Freyr. Mánaðarblað um landbúnað*. Reykjavík, maí 1942. bls. 62.

¹⁵ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-6. Lára Gunnarsdóttir.

Fyrstu verk Magnúsar voru að slétta kragann um bæjarhólinn og gera akfæran veg yfir mýrarnar. Lítið íbúðarhús úr timbri var til staðar á jörðinni en önnur hús voru ekki nýttandi. Því voru öll fénaðarhús byggð upp á fyrstu búskaparárunum, þó mjög hóflega, úr timbri, járn og torfi, eftir því sem við átti. Bústofninn var á fyrstu árunum sjö nautgripir, sex til sjö hestar, þar af fjórir vinnuhestar og 20-30 kindur. Magnús kom sér strax upp góðum vinnuhestum og vann að allri ræktun með þeim og viðeigandi verkfærum. Hann vann töluvert að plægingum með hestum sínum fyrir sveitunga sína. Það fjármagn sem hann fékk greitt fyrir þá vinnu, fór í að greiða mönnum sem unnu að skurðgreftir fyrir hann á sama tíma. Áburðarskortur olli Magnúsi erfiðleikum framan af og til að fódra bústofninn, þurfi m.a. að sækja heyskapinn upp í Kjós og út í Lundey. Hagur Blikastaðabóndans vænkaðist jafnt og þétt og eftir að tilbúinn áburðurinn varð aðgengilegur óx ræktunin hröðum skrefum og bústofninn stækkaði.¹⁶

Húsakostur var orðinn ónógur um 1924 og þá var byggt nýtt íbúðarhús vestan megin við gamla timburhúsið og áfast við það. Nýtt fjós úr steinsteypu fyrir 32 kýr ásamt haughúsi og þvagþró. Hesthús fyrir 8 hesta og hlaða fyrir um 1200 hesta af þurrheyi, með þremur votheysgryfjum. Enn fremur var byggð smiðja og geymsluhús. „Byggingar þessar voru undirbúnar sem heimilisvinna, meðal annars á þann hátt, að mikið af þeim var byggt úr steypum steinum, sem steypdir höfðu verið smám saman undan farin ár, en allar eru byggingarnar steinsteyptar. Hið sérkennilegasta við þessar byggingar er það, að steypit ökuþrú er eftir endilangri hlöðunni á norska vísu.“¹⁷



Mynd 5. Inni í hlöðunni í dag. Horft upp á ökuþrúna sem liggur á milli gafla hlöðunnar.¹⁸

¹⁶ Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 10-11.

¹⁷ Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 12.

¹⁸ Ljósmynd: Bragi Bergsson, 2022.

Í janúar árið 1927 birtist umfjöllun um Blikastaði í blaðinu Lögrjetta, þar er nýbyggðum húsunum lýst með eftirfarandi hætti:

Síðan haustið 1923 hefur hann [Magnús] jafnan að öðrum þræði staðið í stórbyggingum. Hefur hann um það bil lokið við að byggja upp allan bæinn. Er fyrst að telja: Íbúðarhús 8x9 m. og með tvær hæðir. Efri hæðin með tvöföldum steinveggjum og mótróði í milli. 2. Hesthús 5,5x10,5 m með geymslurúmi jafnstóru uppi yfir. Hvortveggja úr steinsteypu í hólf og gólf. 3. Þurrheyshlaða fyrir 900-1000 hesta, með þremur votheystóftum inni, hverri fyrir sem svarar hjerumbil 200 þurrabandshestum. Hlaðan öll steipt upp undir þakskegg. 4. Fjós með básum fyrir 32 gripi, gangstjettum, fóðurgöngum og sjálfbrynningu. Útveggirnir hlaðnir úr steypusteini tvöfaldir og mótróð milli veggja, en geymsluloft uppi yfir. 5. Áburðarhús steinsteipt samsvarandi fjósi og gripatölu. 6. Áhaldaskemma og smiðjuhús undir sama þaki, með þurkloti uppi yfir. Veggir allir úr steini. Ennfr. hæsnahús, mjólkurgeymsluklefi og rúmgóð göng milli íbúðarhúss, fjóss og hlöðu með ísgeymsluklefa undir, allt úr steini.¹⁹

Í þessari umfjöllun vekur síðasta setningin nokkra athygli, um göng á milli íbúðarhússins og fjóssins og hlöðunnar, sem var með ísgeymslu undir. Elís G. Þorsteinsson minnst einnig á þennan gang sem „lá að fjósi og mjólkurhúsi og þar var mjög skuggsýnt.“²⁰ Á þeim myndum sem hafa fundist og sýna húsin á Blikastöðum er ekki hægt að sjá þennan gang. Gamla timburhúsið austan megin við steipta húsið frá 1924 er staðsett á milli þess og fjóssins. Mögulega hefur gangurinn sem er lýst verið á bak við það hús. Bæði gangurinn og gamla timburhúsið hafa sennilega verið rifin þegar byggt var við steinsteipta íbúðarhúsið árið 1947.



Mynd 6. Horft inn í portið á baki íbúðarhúsinu til hægri, fyrir miðju er hesthúsið og geymsla yfir því, þar fyrir ofan sér í gafl eldri hlöðunnar og skábrúin upp að dyrunum sem standa opnar. Vinstra megin sést smiðju- og geymsluhúsið. Fjósið er hægra megin við hlöðuna á bak við íbúðarhúsið, mögulega hefur gangurinn sem sagt var frá hér á undan, verið inni í gamla íbúðarhúsinu eða undir tröppunum upp í fjósið, sem sést glitta í á bak við tjaldið hægra megin á þessari mynd.²¹

¹⁹ H.H. „Frá Blikastöðum.“ *Lögrjetta* 22.01.1927. bls. 2.

²⁰ Elís G. Þorsteinsson. „Vetrardvöl á Blikastöðum.“ *Breiðfirðingur*. 01.04.2002. bls. 21.

²¹ Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 7.

Í umfjölluninni í Lögrjettu frá 1927, er því einnig lýst hvernig Magnús undirbjó sig fyrir byggingu húsanna og steypiti steina eins og sagt var frá hér á undan. Þar segir: „Hann [Magnús] notaði haustið og veturinn til að draga að sjer sand og möl og steypa sementsteina. Þannig sparaði hann sjer mjög mannahald á háum verkalaunum. En efni var alt við hendina þegar til þurfi að taka. Hann fullyrðir að fyrir þetta hafi byggingakostnaðurinn orðið fjórðungi til þriðjungi lægri en ella.“²²

Ekki er vitað með fullri vissu hvar fjárhúsin hafa staðið. Sennilega voru þau undir eystri fjósveggnum (fyrir um 20 kindur) en hafa vikið þegar kálfahúsið eða nýja fjósið var byggt árið 1952.²³ Einnig má vera að fjárhúsin hafi staðið handan við lækinn sem rennur um túnið, ekki langt frá, þar sem íbúðarhúsin standa,²⁴ þ.e. Blikastaðir 2, 3 og 4.



Mynd 7. Hluti ljósmyndar af Blikastöðum frá því um 1945. Hér sjást bæjarhúsin hægra megin og handan við lækinn þar fyrir framan vinstra megin á myndinni, sést bygging sem mögulega kann að hafa verið fjárhúsin. Ekki hafa fundist heimildir um þessi hús og þau eru heldur ekki skráð í fornleifaskráningunni. Mögulega var íbúðarhúsið Blikastaðir 2, byggt á grunni þessarar byggingar árið 1969.²⁵


²² H.H. „Frá Blikastöðum.“ *Lögrjetta* 22.01.1927. bls. 2.

²³ Munnleg heimild. Jón Ágúst Pétursson tölvupóstur dags. 01.09.22.

²⁴ Elís G. Þorsteinsson. „Vetrardvöl á Blikastöðum.“ *Breiðfirðingur*. 01.04.2002. bls. 12.

²⁵ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-4. Lára Gunnarsdóttir.

Þar sem ekki hafa fundist frumheimildir um byggingu elstu húsanna á Blikastöðum s.s. eins og byggingarleyfisumsóknir, brunavirðingar eða teikningar, er erfitt að áætla með nákvæmum hætti hvenær lokið var við byggingu þeirra. En samkvæmt þeim heimildum sem hér er vísað til hefur bygging þeirra hafist uppúr árinu 1924 og verið lokið að mestu fyrir árið 1930.



Mynd 8. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1930. Hér hefur verið að mestu lokið við byggingu húsanna. Mögulega hafa fjárhúsin staðið undir eystri fjósveggnum, og sjást þau þá hægra megin á þessari mynd. Það verður að teljast líklegri staðsetning, fremur en handan við lækinn líkt og kom fram hér á undan.²⁶

Árið 1936 var byrjað á byggingu annarrar hlöðu, austan megin við fjósið, úr járnbentri steinsteypu. Bygging hennar var langt komin og þak risið haustið 1937, en þá var verið að sprengja klöpp sem var í gólfi hennar. „Borað var með handborum mislögum, frá 50 sentímetrum til eins metra og um það bil 3/4" í þvermál. Slegið var á þá með hamri og snúið við hvert högg. Sprengt var með dínamíti, en þegar búið var að hlaða, var sett torf og fleira sem kom í veg fyrir að skemmdir yrðu.“²⁷ Í þessari hlöðu voru tvær votheysgryfjur og tók hún um 1800 hesta af þurrhevi.²⁸

²⁶ N.N. „Magnús Þorláksson á Blikastöðum, sextugur.“ *Freyr. Mánaðarblað um landbúnað*. Reykjavík desember 1935. bls. 82.

²⁷ Elís G. Þorsteinsson. „Vetrardvöl á Blikastöðum.“ *Breiðfirðingur*. 01.04.2002. bls. 12.

²⁸ Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 12.



Mynd 9. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Hér er búið að byggja yngri/eystri hlöðuna, hægra megin á myndinni, sem var byrjað að byggja uppúr árinu 1936.²⁹

Í tilefni af sextugsafmæli Magnúsar árið 1935, birtist grein um hann í tímaritinu Frey. Þar er m.a. fjallað um þær umbætur sem Magnús gerði á Blikastaðajörðinni frá árinu 1909 og þær byggingar sem voru reistar. Þar segir m.a.:

Þótt Blikastaðir hafi tekið mikilli búningsbót vegna bygginganna, sem þar hafa verið reistar og eru í smíðum, þá er hitt meira um vert, hverjum breytingum jörðin hefir tekið vegna stórkostlegrar ræktunar, enda er ræktunin undirstaða bygginganna, og hennar vegna er sem tvö hafi orðið höfuðin á hverri skepnu í búskapartíð Magnúsar. Hann tók þar við túni, sem fóðraði 3 kýr, en nú, eftir 26 ára starf, þegar húsbóndinn stendur á sextugu, er túnið orðið 40 ha. í góðri rækt, og það eru ekki ellimörkin á tilþrifum bóndans, því að 5 síðustu árin hefir hann bætt við túnið 10 ha. og á sama tíma ræst fram og búið þannig til ræktunar aðra 40 ha., sem hann leggur undir plóginn næstu árin – og jafnframt komið upp eða undirbúið stórbyggingar, svo sem þegar er sagt. Þannig mætir Magnús á Blikastöðum kreppunni, og ekkert lýsir betur en þetta skapgerð mannsins, þeirri skapgerð sem harðnar við hverja raun.³⁰

²⁹ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-2. Lára Gunnarsdóttir.

³⁰ N.N. „Magnús Þorláksson á Blikastöðum, sextugur.“ *Freyr. Mánaðarblað um landbúnað*. Reykjavík desember 1935. bls. 83.

Á þessum tíma, árið 1935, ráku Sigurbjörg dóttir Magnúsar og maður hennar Thorkel Hansen³¹ nýbýlið Melavellir, sem Magnús hafið komið á fót og var staðsett í Sogamýri í Reykjavík, þar voru að mestu fullmjólkandi kýr.³² Yngri dóttir Magnúsar, Helga tók síðar við búi þar ásamt Sigsteini manni sínum.

Árið 1940 komu nemendur bændaskólans á Hvanneyri til Blikastaða til að skoða búið. Magnús tók á móti þeim og sýndi þeim túnin og byggingarnar. Í ferðasögu þeirra segir m.a.: það vakti athygli okkar hve vel er vandað til túnræktar á Blikastöðum og ekki þarf að taka fram að öll jarðrækt er unnin með hestum. Einnig vakti athygli okkar útbúnaður Magnúsar við innlátningu heys. Hlöðurnar eru með dyr á báðum göflum og brýr eftir þeim endilöngum í veggjahæð. Það er því hægt að aka inn um annan endann og út um hinn með heyvagnana, sem náttúrulega eru dregnir af hestum, og bylta heyinu útaf hvar sem er niður í gímaldið fyrir neðan.³³



Mynd 10. Blikastaðir sumarið 2022. Hér má sjá skábrautina sem liggur upp að hlöðugaflinum. Vinstra megin eru hlaðan og hesthúsin, hægra megin járnsmiðjan og skemman.³⁴

³¹ N.N. „Magnús Þorláksson á Blikastöðum, sextugur.“ *Freyr. Mánaðarblað um landbúnað*. Reykjavík desember 1935. bls. 83 og 84.

³² Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 15.

³³ Hallgrímur Guðjónsson. „Verknámsferð Hvanneyringa vorið 1940.“ *Freyr. Búnaðarblað*. Reykjavík, júlí 1988. bls. 547-548.

³⁴ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.

Magnús Þorláksson dó árið 1942 og í fasteignamatssbók það ár kemur fram eftirfarandi um Blikastaði: Landsverð 324 hundruð, húsaverð 370 hundruð, alls 694 hundruð. Hlöðurúm: Þurrhey 1020 rúmm, vothey 330 rúmm. Garðávextir 120 tunnur, taða 1755. Nautgripir 60, sauðfé 20 hestar 14.³⁵ Ef þessi lýsing er borin saman við fyrri lýsingar af jörðinni á 19. öld má sjá hvernig Blikastaðir breyttust á um 30 árum úr kotbýli í stórbýli.

Í minningargrein um Magnús árið 1942 skrifar Árni G. Eyland:

Hið sérstæða við allar þessar framkvæmdir og umsvif Blikastaðahjónanna var, að allt var gert af eigin rammleik. Hvorugt þeirra hafði fé, er verulegu næmi, fram að leggja, er þau byrjuðu búskap sinn. Allt var gert smámsaman af arði búrekstursins, því að tekjur fyrir störf er Magnús vann utan heimilis munu varla hafa verið til arðsbóta, ef miðað er við frátafir hans. Að sjálfsögðu var stuðst við lánsfé, og róðurinn var stundum þungur, en það, hversu færzt var í aukanna og tekin stærri tök eftir því sem árin liðu, sannar greinilega, að unnið var með fyrirhyggju og markvissri festu að umbótum og framleiðslunni, endar var bústofninn bættur engu síður en hann var aukinn.³⁶

1.4 Lífið og bústörfin á Blikastöðum

Þau störf, sem ég hygg, að Magnúsi hafi verið kærust og hann notið sín bezt við, voru jarðvinnsla með góðum hestum, sérstaklega plæging og að standa við steðjann og smíða járn. Til þess hafði hann þó aldrei lært neitt nema það, er hann sá fyrir sér í föðurgerði og vandist þar, en Þorlákur faðir hans var smiður nokkur bæði á tré og járn.³⁷

Á þennan hátt lýsir Árni G. Eylands, Magnúsi í langri umfjöllun um líf og störf hans í Búnaðarritinu árið 1945. Hann heldur áfram og segir m.a.: „það sem einkenndi alla ræktun á Blikastöðum, var að hún var að öllu leyti unnin sem heimilisstarf, þar sem húsbóndinn sjálfur tók þátt í hverju því verki, er mest á reið. Hún var öll unnin með öldnum hestum og venjulegum hestaverkfærum.“³⁸ Þrátt fyrir að hestar væru mikið notaðir á Blikastöðum í alla vinnu upp á gamla mátann, keypti Magnús einnig búvélar og notaði þær óspart. En hann átti samt alltaf góða vinnuhesta og smíðaði sjálfur öll „hestajárn, járnaði hemla, skefti skóflur og kvíslar, sló fram plógskera o.s.frv., og var þá um leið ódeigur við að gera sjálfur við vinnuvélarnar.“³⁹

Magnús átti ágæta hesta, bæði úrvals dráttarhesta og einnig trausta og góða reiðhesta. Hann fór oft ríðandi á milli Blikastaða og Reykjavíkur, löngu eftir að flestir bændur í Mosfellssveit voru hættir að nota hesta í Reykjavíkurferðir. Einnig flutti hann heim vörur á hestvögnum og jafnvel eftir að bílarnir voru farnir að ráða vegunum. „Kúastofninn á

³⁵ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 12.

³⁶ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Freyr. Mánaðarblað um landbúnað*. Reykjavík, maí 1942. bls. 63.

³⁷ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 16.

³⁸ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 12-13.

³⁹ Árni G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 13-14.

Blikastöðum mun einnig hafa verið langt yfir meðallagi. Á afrakstri þeirra byggði Magnús allan sinn búskap og allar sínar framkvæmdir. Ávallt, er hann var heima, vann hann í fjósi og hlöðu, fyrst og fremst að fóðrun gripanna og fylgdist vel með afrakstri þeirra og þörfum og heilbrigði.⁴⁰



Mynd 11. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Unnið við heyskap með dráttarhestum og vögnum.⁴¹

Á sínum síðari búskaparárum hóf Magnús að fást við kornrækt. „Hann keypti sér vélknúna þreskivél og varð fulltrúaður á, að kornræktin ætti að vera – og ætti eftir að verða – fastur og hagkvæmur liður í ræktun og búskap bænda víða um land.“⁴² Í endurminningum Elís G. Þorsteinssonar um vetrardvöl sína á Blikastöðum veturinn 1937-1938, kemur ýmislegt fróðlegt fram um lífið á Blikastöðum og uppbyggingu húsanna. Elís segir m.a. frá kornræktinni:

Næsta verk var að slá og hirða kornið, en Magnús var með töluvert svæði undir kornrækt. Slegið var í þurru veðri. Kornið var allt slegið með orfi og ljá, á orfinu var útbúnaður sem kom í veg fyrir að stráin féllu niður eitt og eitt, heldur söfnuðust saman, góð visk var bundin saman í búnt og snéru öll stráin eins, þ.e. öxin saman. Búntin voru sett saman í sæti og eftir að hafa staðið úti á akri í nokkum tíma voru þau flutt heim til þreskingar. Þegar stakkarnir voru teknir af akrinum birtist því líkur fjöldi af músum að ég hef hvergi séð annað eins. Í byggingu sem var sambyggð við fjós og mjólkurkæli var þreskivélin. Á veggnum var gat og í gegnum það var búntunum kastað beint í þreskivélina úr vögnunum sem fluttu þau heim. Úr vélinni kom kornið annars vegar og hálmurinn hins vegar. Kornið var allt notað til skepnufóðurs en hálmur til undirburðar í bása og stíur. Þreskivélin var líklega knúin með steinolíuvél.

⁴⁰ Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 14

⁴¹ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-38. Lára Gunnarsdóttir.

⁴² Ámi G. Eylands. „Þorlákur Magnús Þorláksson.“ *Búnaðarrit* 1945. bls. 14.

Þarna var mikill hávaði og var mér haldið langt frá, enda var ég smeykur, ekki síst eftir að eldri maður sem var hirða einhver strá og setja í þreskivélina lenti með höndina í göddum og slasaðist töluvert.⁴³

Þessi þreskivél var á meðal þeirra kornræktartækja og hjónin Magnús Sigsteinsson (dóttursonur Magnúsar Þorlákssonar) og Marta G. Sigurðardóttir, afhentu Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri til varðveislu, árið 2016. Við það tilefni sagði Magnús: „Kornsláttuvélin var notuð á þessu svæði fram eftir sjötta áratugnum, eða þar til kornrækt lagðist þar alveg af vegna versnandi veðurskilyrða. Ég held að það hafi verið á árunum 1955-1957 sem síðast var ræktað korn hér heima á Blikastöðum.“⁴⁴



Mynd 12. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Blikastaðir voru fyrst og fremst kúabú. Ekki er vitað hvaða börn eru á myndinni, en ljóst er að hyrnda kýrin hefur verið ljúf.⁴⁵

Elís lýsir því einnig hvernig Magnús var reglusamur í öllum búrekstri og vildi láta alla vinna og þar var Elís litli ekki undanskilinn. „Þegar leið á veturinn fannst honum sjálfsagt að ég lærði að mjólka, sem ég gerði. Ég mjólkaði síðan á kvöldin tvær til þrjár kýr, sem ekki var mikil mjólk í. Margir dráttarhestar voru á Blikastöðum. Þeir voru notaðir fyrir vagna, herfi, plóga og heyvinnuvélar. Um leið og klaki fór úr túnum þurfti að fara um þau með valtare, ég

⁴³ Elís G. Þorsteinsson. „Vetrardvöl á Blikastöðum.“ *Breiðfirðingur*. 01.04.2002. bls. 12-13.

⁴⁴ Bændablaðið 22.09.2016. bls. 7.

⁴⁵ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-22. Lára Gunnarsdóttir.

þótti nothæfur til þess. Ekki fannst mér gaman að teyma gamla Grána eða Lötu-Jörp allan daginn, dag eftir dag, hring eftir hring um túnið.⁴⁶

Eins og svo oft vill verða í heimildarleit um sögu fyrri tíma, þá virðist sem konur hafi verið huldufólk í þeirri heimsmynd sem heimildirnar lýsa. Þrátt fyrir heimildaskort er auðveldlega hægt að fullyrða að húsfreyjan, dætur og vinnukonur á Blikastöðum hafi tekið fullan þátt í flestum störfum sem vinna þurfti á Blikastöðum.



Mynd 13. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Heyskapur í fullum gangi og fólk sennilega á leiðinni heim í hádegismat.⁴⁷

Í minningargrein um Kristínu Jósafatsdóttur sem birtist í Húsfreyjunni árið 1960 segir eftirmælandinn K.E. m.a. eftirfarandi um Kristínu:

Kristín varð fyrir mikill sorg fyrstu árin sín á Blikastöðum að missa 2 börn sín, aleiguna. Á þetta hefur sjaldan verið minnzt, aðeins um það getið, enda hafa orð um það enga þýðingu. En sem betur fór, komst Kristín í gegnum það, án þess að bíða tjón á sálu sinni.

Það var heldur ekki tómlegt í kringum hana: tvær litlar dætur Magnúsar af fyrra hjónabandi, Sigurbjörg og Helga, þær, sem alltaf tileinkuðu sér hana sem sína einu móður og reyndust henni alla tíð sannar og góðar dætur.⁴⁸

⁴⁶ Elís G. Þorsteinsson. „Vetrardvöl á Blikastöðum.“ *Breiðfirðingur*. 01.04.2002. bls. 24.

⁴⁷ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-18. Lára Gunnarsdóttir.

⁴⁸ K.E. „Frú Kristín Jósafatsdóttir“. *Húsfreyjan*. 01.04.1960. bls. 15.

Þar sem Magnús vann öll bústörfin með handaflinu, hestum og plógum, var þörf á vinnandi höndum á bænum. Yfirleitt vorum þar um tíu karlmenn, fyrir utan unglunga og „þessir menn unnu að jarðbótum mikinn hluta hluta af árinu, jafnvel í skammdeginu, ef tíð var góð.“ Einnig ólust þar upp þrír fósturdrengir og þangað var komið í fóstur mörgum börnum í lengri eða skemmri tíma. „Öllu þessu fólki var var Kristín eins og góð móðir, hlý, einlæg og sanngjörn. Hún stýrði með sinni mjúku hendi og hæga fasi þannig, að öllum leið vel í návist hennar. Jafnvel skólábörnin, sem voru bara stuttan tíma, minntust ávallt veru sinnar á Blikastöðum, og nefndu nafn húsmóðurinnar með sérstökum blæ.“⁴⁹

Kristín var samt föst fyrir, og ekki hygg ég, að auðvelt hafi verið að koma henni af sinni skoðun, eða því, sem hún taldi sannast og réttast.

Heimilið á Blikastöðum hafði yfir sér anda sannrar menningar. Þangað náðu aldrei slaðurstungur. Þar var ekki hlustað á sögur um ávirðingar náunganna. Þar var gestrisni eins og bezt verður á kosið, allt var blátt áfram, en enginn yfirborðsháttur. Það var í frásögur fært, að ef gest bar að garði, jafnvel þótt barn væri, hafði húsbóndinn aldrei svo mikið að gera, að hann mætti ekki vera að því að koma inn og tala við gestinn. En húsmóðirin ljúf og einlæg, svo hvert barn gat talað við hana eins og jafningja sinn.⁵⁰

Ljóst er af lestri minningargreinarinnar að K.E. hefur starfað með henni í Kvenfélagi Lágafellssóknar, þar sem Kristín var í stjórn í fjölda ára, bæði sem formaður og ritari. Kristínu er lýst sem hógværi, ljúfri og góðri konu sem öllum hafi þótt vænt um. „Samanber það, sem dóttir hennar sagði svo fallega: „Þegar mamma er heima, er öllu óhætt.“ Svo þegar hún þurfti sjálf á hjálp að halda, já, jafnvel þá, gat hún miðlað yl og birtu.“⁵¹

Í endurminningum Elís G. Þorsteinssonar, sem lýsa vetrardvöl hans á Blikastöðum veturinn 1937-1938 segir hann frá annarri konu sem bjó á bænum; niðursetningnum Ollu gömlu. Hún bjó í kjallaranum, sem annars var mest notaður til geymslu. „Hún var skapstygg og fötin sem hún gekk í voru slitin og skítug. Hún tók í nefið og ekki bætti það útlitið.“ Elís hafði í byrjun nokkurn beyg af Ollu en þegar frá leið vorkenndi hann henni. Þegar hann og móðir hans fóru í bæjarferð, keyptu þau alltaf neftóbak handa Ollu, sem hún var þakklát fyrir. „Seinna var mér sagt að hún hafi átt börn en þau ólust upp hjá vandalausum“, skrifaði Elís.

Eitt starf hafði Olla á Blikastöðum, það var að þvo sokka. Þá gengu allir í ullarsokkum. Við lækinn sem rennur um túnið var volg uppspretta og þangað fór Olla með sokkaplöggin og trékefli. Hún lagði þá í lindina og lét þá blotna vel. Síðan lagði hún þá á slétta klöpp eða stein sem þarna var og barði með trékeflinu, skolaði í lindinni og endurtók þetta þar til sokkarnir voru orðnir hreinir. Þá þurfti hún að bera þá heim og hengja upp til þerris. Svona liðu dagarnir hjá Ollu gömlu. Aldrei minnst ég að Olla kæmi upp í mat, henni mun hafa verið skammtað á disk og fært niður og borðaði hún í sínu herbergi.⁵²

⁴⁹ K.E. „Frú Kristín Jósafatsdóttir“. *Húsfreyjan*. 01.04.1960. bls. 15.

⁵⁰ K.E. „Frú Kristín Jósafatsdóttir“. *Húsfreyjan*. 01.04.1960. bls. 15-16.

⁵¹ K.E. „Frú Kristín Jósafatsdóttir“. *Húsfreyjan*. 01.04.1960. bls. 16-17.

⁵² Elís G. Þorsteinsson. „Vetrardvöl á Blikastöðum.“ *Breiðfirðingur*. 01.04.2002. bls. 14-15.

1.5 Búskapur á Blikastöðum frá 1942

Við andlát Magnúsar árið 1942, tóku dóttir hans Helga og Sigsteinn maður hennar við Blikastaðabúinu. Eins og áður sagði var Helga fædd árið 1906 og fluttist með föður sínum til Blikastaða árið 1909. Sigsteinn var fæddur árið 1905 í Tungu í Fáskrúðsfirði, en hafði flutt í Mosfellssveitina árið 1936 til þess að vinna að Reykjum.⁵³

Uppbygging jarðarinnar hélt áfram eftir að hjónin tóku við rekstri búins. Árið 1947 byggðu þau nýtt tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu við hlið þess gamla sem var byggt á árunum 1924-26.⁵⁴ Á næstu tíu árum byggðu þau einnig nýtt fjós (kálfaþús) og byggðu mjólkurhús vestan megin við eldra fjósið. Gamla timburhúsið sem stóð á milli eldar fjóssins og íbúðarhússins hefur sennilega verið rífið um svipað leyti, en það stóð austan megin við íbúðarhúsið, á milli þess og fjóssins. Í dag liggur heimreiðin eða vegurinn inn í portið á bak við íbúðarhúsin á þeim stað sem gamla timburhúsið stóð og sennilega sér þar móta fyrir grunni þess enn í dag, sjá mynd nr. 31.

Árið 1947 voru um 60 nautgripir á búinu og auk þess áttu hjónin um 300 hænur. Um 1960 hafði búið stækkað enn meira og voru „þar á fóðrum 90 naugripir, 30 ær og 7 hestar. Voru Blikastaðir þá taldir stærsta og veglegasta býli landsins í einkaeign og þangað var gjarnan farið með erlenda gesti þegar Íslendingar vildu sýna þeim íslenskan bóndabæ.“⁵⁵

Dæmi um slíka heimsókn er koma Lady Bird Johnson, eiginkonu Lyndon B. Johnson varaforseta Bandaríkjanna, til Blikastaða 16. september 1963. Tveimur mánuðum síðar var Lyndon orðinn forseti eftir morðið á John F. Kennedy.

Meðal þess sem Johnson gerði hér var að fara til Þingvalla en á meðan heimsótti frú Claudia, jafnan kölluð Lady Bird, Árbæjarsafn og Blikastaði en hún hafði óskað þess sérstaklega að fá að sjá bóndabæ. Frúin renndi í hlaðið hjá Helgu og sigsteini með fylgdarliði sínu klukkan 15:30. Ásamt þeim tóku Ingólfur Jónsson landbúnaðarráðherra og frú á móti henni. Fyrst var fjósið skoðað en síðan var frúin leidd um fjárhúsin og henni sýndar kindur. Þaðan lá leiðin til hestanna en mest spurði Lady Bird um kýmar sem voru á beit í túninu. Þeim klaufdýrum var hún vön frá búi sínu í Texas. Eftir skoðunarferðina buðu Sigsteinn og Helga frúnni til kaffidrykkju og með kaffinu var boðið uppá pönnukökur með rjóma.⁵⁶

⁵³ Friðrik G. Olgeirsson, „Sögukomið. Lady Bird Johnson heimsækir Blikastaði.“ *Mosfellingur*. 04.11.2005. bls. 10.

⁵⁴ Friðrik G. Olgeirsson, „Sögukomið. Lady Bird Johnson heimsækir Blikastaði.“ *Mosfellingur*. 04.11.2005. bls. 10.

⁵⁵ Friðrik G. Olgeirsson, „Sögukomið. Lady Bird Johnson heimsækir Blikastaði.“ *Mosfellingur*. 04.11.2005. bls. 10.

⁵⁶ Friðrik G. Olgeirsson, „Sögukomið. Lady Bird Johnson heimsækir Blikastaði.“ *Mosfellingur*. 04.11.2005. bls. 10.



Mynd 14. Lady Bird á Blikastöðum árið 1963. Frú Penfield sendiherrafrú skammtar frú Johnson rjómapönnuköku og Helga Magnúsdóttir húsfreyja á Blikastöðum hörfir brosandí á.⁵⁷

Helga og Sigsteinn héldu rekstri og uppbyggingu Blikastaða fram til ársins 1973. Í viðtali *Tímans* við Helgu það ár, sagði hún: „við munum hætta búskap nú á þessu ári. Það er hvort tveggja, að við hjónin erum farin að reskjast, og svo orðið miklum vandkvæðum bundið að fá fólk, að minnsta kosti góða fjósamenn. Við þurfum að hafa hér þrjá menn að vetrinum, og þeir eru ekki gripnir upp eins og nú er komið.“ Ekki kom til greina að selja jörðina undir búskap því landið væri í raun orðið of dýrt til þess, vegna nálægðar sinnar við Reykjavík. Gripina ætluðu þau að selja ef þau fengju góða kaupendur. „Okkur er annarra en svo um kýrnar okkar, að við látum þær falar hverjum sem er, og víst sjáum við eftir þeim og mörgu, sem búskapinn varðar, þó að þetta verði svona að vera,“ sagði Helga. En túnin myndu verða nytjuð áfram, „enda nóg af mönnum, sem vilja verða sér úti um hey hér um slóðir.“⁵⁸ Bæjarhúsin voru til sölu eða leigu, en ekki jörðin sjálf eða hlutar af henni.⁵⁹

Skarphéðinn Össurason stundaði hæsnarækt á sjötta og sjöunda áratugnum og árið 1976 var hann í leit að landi eða húsnæði til þess að vera með hæsnabúið sitt, en ekkert gekk. Þar til hann hittir Sigstein Pálsson á skrifstofu Mjólkurfélags Reykjavíkur og spurði hann hvort hann gæti leigt honum land undir hæsnahús. „Sigsteinn svaraði: „Nei, það get ég ekki, en ég hefi kannski hús handa þér, þú getur komið á morgun og litið á þetta hjá mér.“ Það varð úr.

⁵⁷ *Vikan* 19.10.1972. bls. 17.

⁵⁸ *Tíminn* 15.04.1973. bls. 40.

⁵⁹ *Tíminn* 25.03.1975. bls. 19.

Niðurstaða þeirrar heimsóknar minnar varð sú, að ég tók á leigu fjósið með tilheyrandi byggingum, gólfhlötur samtals 1000m².⁶⁰ Skarphédinn rak hæsnabúið næstu árin, en ekki er ljóst hvenær hæsnabúskapurinn lagðist af á Blikastöðum.

Einhverjar þreifingar áttu sér stað um sölu landsins á næstu árum og voru bæði Mosfellsbær og Reykjavíkurborg nefnd í því sambandi.⁶¹ Árið 1977 áttu sér stað umræður í borgarstjórn um málið og sagði þáverandi borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson að „viðræður hefðu farið fram um kaup á Blikastöðum árið 1973⁶². Blikastaðir væru hentugt land fyrir Reykjavíkurborg, en margs væri að gæta. Til dæmis væru Blikastaðir í öðru sveitarfélagi, sem lýst hefði sig andvígt kaupum borgarinnar á landinu, og ætti að sjálfsögðu forkaupsrétt, ef til sölnnar kæmi.“⁶³ Til tíðinda dró svo árið 1991 þegar Helga og Sigsteinn gengu að tilboði borgarinnar í kaup á landinu fyrir 244,9 milljónir króna. „Davið Oddson borgarstjóri, undirritaði samkomulagið fyrir hönd borgarinnar í gær, með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Í samningnum er fyrirvari um að Mosfellsbær falli frá forkaupsrétti að jörðinni og samkomulag takist milli sveitarfélaganna um að breyta lögsögu.“ Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafði fjórar vikur til þess að ákveða hvort forkaupsrétturinn yrði nýttur.⁶⁴ Þessi kaup borgarinnar gengu til baka vegna þess að bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ vildu ekki breyta lögsögumörkum.⁶⁵



Mynd 15. Blikastaðir um 1973. Heimreiðin að bænum lá alla tíð frá Vesturlandsveginum og niður að bænum.⁶⁶

⁶⁰ Agnar Guðnason, „Hæsnarækt í Mosfellssveit.“ Freyr 15.02.1977. bls. 131.

⁶¹ Tíminn 25.03.1975. bls. 19.

⁶² Í greininni er skrifað 1963 en það hlýtur að vera innsláttarvilla sbr. aðrar heimildir.

⁶³ Tíminn 15.10.1977. bls. 8.

⁶⁴ Morgunblaðið 30.04.1991. bls. 56.

⁶⁵ Mosfellingur 12.01.2006. bls. 10.

⁶⁶ Tíminn. 15.04.1973. bls. 40.

1.6 Ljósmyndir af Blikastöðum




Mynd 16. Ljósmynd af Blikastöðum tekin í kringum 1945, heimreiðin heim að bænum.⁶⁷



Mynd 17. Ljósmynd af Blikastöðum frá því um 1945, tekin á sama tíma og með næstum því sama sjónarhorn og ljósmyndin hér að ofan.⁶⁸

⁶⁷ Héraðskjallasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-05. Lára Gunnarsdóttir.

⁶⁸ Héraðskjallasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-08. Lára Gunnarsdóttir.



Mynd 18. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Fjosið og haughúsið fyrir frama. Ekki vitað hverjir eru fremst á myndinni.⁶⁹



Mynd 19. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Myndin tekin úr garðinum sunnan megin við íbúðarhúsið.⁷⁰

⁶⁹ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-03. Lára Gunnarsdóttir.

⁷⁰ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-10. Lára Gunnarsdóttir.



Mynd 20. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Horft inn í portið sem myndast á milli íbúðarhússins, skemmunnar og hesthúsanna.⁷¹



Mynd 21. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Blikastaðir voru fyrst og fremst kúabú.⁷²

⁷¹ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-09. Lára Gunnarsdóttir.

⁷² Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-21. Lára Gunnarsdóttir.



Mynd 22. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Heyskapur í fullum gangi.⁷³



Mynd 23. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Heyvinnuvélar voru dregnar af hestum.⁷⁴

⁷³ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-19. Lára Gunnarsdóttir.

⁷⁴ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-24. Lára Gunnarsdóttir.



Mynd 24. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Menn á hestbaki, ekki er vitað hverjir þeir eru.⁷⁵



Mynd 25. Ljósmynd af Blikastöðum frá um 1945. Heyskapur í fullum gangi, heyvagninn var síðan dregin af hestinum upp ramp og inn í hlöðuna, þar sem velt var ofan af honum ofan í gímaldið fyrir neðan.⁷⁶

⁷⁵ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-31. Lára Gunnarsdóttir.

⁷⁶ Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2016/29-29. Lára Gunnarsdóttir.



Mynd 26. Blikastaðir sumarið 2022. Úlfarsfell er áhrifamikil landslagseigindi fyrir ofan Blikastaðabæinn.⁷⁷



Mynd 27. Blikastaðir sumarið 2022. Í áratugi var þetta heimreiðin heim að Blikastöðum.⁷⁸

⁷⁷ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.

⁷⁸ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.



Mynd 28. Blikastaðir sumarið 2022. Hér má sjá skábrautina þar sem hestamir drógu tóma vagnana út úr hlöðunni.⁷⁹



Mynd 29. Blikastaðir sumarið 2022. Eldri hlaðan hægra megin og yngri/eystri hlaðan vinstra megin. Á milli þeirra var innangengt inn á fjósloft nýja fjóssins/kálfahússins.⁸⁰

⁷⁹ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.

⁸⁰ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.



Mynd 30. Blickastaðir sumarið 2022. Heimreiðin inn í portið á bak við íbúðarhúsið og skábrautin upp að fjósinu og mjólkurhúsinu.⁸¹



Mynd 31. Blickastaðir sumarið 2022. Þegar mjólkurhúsið var byggt árið 1958, var gamla timburhúsið sem var á staðnum rífið. Í dag sér móta fyrir grunni þess í heimreiðinni.⁸²

⁸¹ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.

⁸² Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.



Mynd 32. Blikastaðir sumarið 2022. Íbúðarhúsið á Blikastöðum, hér má sjá sömu trén og voru að byrja að stálpast á mynd nr. 19. hér á undan.⁸³



Mynd 33. Blikastaðir sumarið 2022. Viðbyggingin við íbúðarhúsið á Blikastöðum sem var gerð árið 1946.⁸⁴

⁸³ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.

⁸⁴ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.



Mynd 34. Blikastaðir sumarið 2022. Skemman og járnsmiðjan á Blikastöðum.⁸⁵



Mynd 35. Blikastaðir sumarið 2022. Hér má sjá skábrautina sem liggur upp að hlöðugaflinum. Undir skábrautinni eru geymslur og þar fyrir neðan hesthúsin.⁸⁶

⁸⁵ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.

⁸⁶ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.



Mynd 36. Blikastaðir sumarið 2022. Framhlið bæjarhúsanna vísa í suður.⁸⁷



Mynd 37. Blikastaðir sumarið 2022. Fjósið, kálfahúsið og haughúsin fyrir framan.⁸⁸

⁸⁷ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.

⁸⁸ Ljósmynd: Bragi Bergsson. 2022.



Mynd 38. Blickastaðir sumarið 2022. Norðan megin við bæjartorfuna.⁸⁹



Mynd 39. Blickastaðir sumarið 2022. Á einhverjum tímapunkti hefur verið gerð kartöflugeymsla norðan megin við bæjarhúsin.⁹⁰

